

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 281/2024

2025/EES/25/30

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1682 frá 4. mars 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar að bæta við unnum húsdýraáburði sem efnisþáttaefniviði í ESB-áburðarvörur ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009) í XIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 1682:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1682 frá 4. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1682, 13.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1682, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

forseti

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1682, 13.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1682/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.